

HV 2016-005  
ISSN 2298-9137



**HAF- OG VATNARANNSÓKNIR**  
*MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND*

Fiskrannsóknir á vatnasvæði Tungufljóts í  
Biskupstungum árið 2016

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson

---

REYKJAVÍK DESEMBER 2016


# Fiskrannsóknir á vatnasvæði Tungufljóts í Biskupstungum árið 2016

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson

Haf – og vatnarannsóknir

Upplýsingablað



<b>Titill:</b> Fiskrannsóknir á vatnasvæði Tungufljóts í Biskupstungum árið 2016		
<b>Höfundar:</b> Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson		
<b>Skýrsla nr:</b> HV 2016-005	<b>Verkefnistjóri:</b> Magnús Jóhannsson	<b>Verknúmer:</b> 8993
	<b>Fjöldi síðna:</b> 10	<b>Útgáfudagur:</b> 1. des 2016
<b>Unnið fyrir:</b> <i>Veiðifélagið Faxa, Veiðifélag Árnesinga, Tungufljótsdeild V.Á.</i>	<b>Dreifing:</b> Opin	<b>Yfirfarið af:</b> <i>Guðna Guðbergssyni</i>
<p><b>Ágrip:</b> Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Tungufljóts í Biskupstungum árið 2016 HV 2016-005. Rannsóknin sem hér er greint frá er hluti af verkefni sem hófst árið 2014 og er til 10 ára. Er það unnið fyrir Veiðifélagið Faxa, Veiðifélag Árnesinga og Tungufljótsdeild V.Á. Markið þess er að fá mat á árangur fiskræktar í Tungufljóti þar sem áhersla er lögð á að fylgjast með vexti og viðgangi laxfiska á svæðinu ofan við fossinn Faxa. Greint er frá niðurstöðum fisktalningar á göngu upp fiskstiga við Faxa, seiðarannsóknnum ofan og neðan Faxa, aldurs- og upprunagreiningar á laxi úr veiði og heimtum úr sleppingum laxagönguseiða.</p> <p><b>Abstract:</b> Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson. Research on fish in river Tungufljót Biskupstungur 2016 HV 2016-005 This study is a part of a project which started in the year 2014 and will last for 10 years. The project is in cooperation with three Fishery Associations. The aim is to see the success of salmon enhancement. Results of counting salmon passing up a fishway in the waterfall Faxi, juvenile researches, studies on salmon age and origin and recaptures of salmon smolts released in Tungufljót are presented.</p>		
<b>Lykilorð:</b> Tungufljót, Faxi, lax, urriði, bleikja, seiðarannsóknir, aldur, heimtur, örmerki, fiskteljari, laxveiði, seiðasleppingar.		
<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 	<b>Undirskrift forstöðumanns sviðs:</b> 	

## Efnisyfirlit

## Bls.

Inngangur.....	1
Aðferðir.....	2
Niðurstöður og umræður.....	3
Seiðasleppingar.....	3
Seiðarannsóknir.....	3
Fisktalning við Faxe.....	4
Aldursgreining göngulaxa.....	4
Heimtur örmerktra gönguseiða.....	5
Þakkarorð.....	5
Heimildir.....	6

## Inngangur

Tungufljót í Biskupstungum er um 40 km langt og eru 10,8 neðstu km þess neðan við fossinn Faxe. Vegna veiðinýtingar í ánni er Veiðifélagið Faxi starfrækt um svæðið ofan Faxe en neðan við Faxe er Tungufljótsdeild sem er deild í Veiðifélagi Árnesinga. Laxastigi er við Faxe sem var byggður árið 1975 en hann opnaði fyrir fiskgengd upp fyrir fossinn.

Frá árinu 2003 hefur verið sleppt umtalsverðu magni af laxagönguseiðum í sleppitjarnir á vatnasvæði Tungufljóts, einkum á svæðið ofan við fossinn Faxe og mest í tjörn sem er neðst í Einholtslæk (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2011). Sleppingar þessar hafa gefið talsverða laxveiði í Tungufljóti sem fyrir var mjög lítil. Samkvæmt veiðiskýrslum var meðalveiðin á árabílinu 2007 til 2015, 701 lax. Mest var veiðin árið 2008, 2.854 laxar en minnst árið 2014, 22 laxar. Á sama tímabili var skráð meðalveiði á urriða 4 og 9 bleikjur. Silungsveiðin í Tungufljóti er líklega vanskrað. Fiskteljari (Árvaki) hefur verið rekinn í stiganum við Faxe frá árinu 2006. Þá var stigin jafnframt lagaður og gerður greiðfærari fiski.

Á árinu 2010 fóru fram fiskrannsókn á vatnasvæði Tungufljóts (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2011). Rannsóknin var unnin í samvinnu Veiðifélagsins Faxa og Veiðifélags Árnesinga. Tilgangurinn var að kortleggja dreifingu laxfiskaseiða í Tungufljóti og þverám þess. Jafnframt að meta gæði svæðisins til laxaframleiðslu og framtíðamöguleika til að viðhalda sjálfbærum fiskstofnum með megináherslu á lax. Seiðarannsóknir sýndu að nokkurt náttúrulegt uppeldi laxaseiða í Tungufljóti og þverám þess, bæði ofan og neðan við fiskstigann við Faxe. Laxaseiði var einkum að finna í Einholtslæk og í Tungufljóti neðan Einholtslækjar. Þau seiði sem veiddust voru að öllum líkindum flest úr hrygningu laxa af úr sleppingum gönguseiða.

Árið 2011 fór fram mat á búsvæðum laxfiska á vatnasvæði Tungufljóts. Niðurstöður þess gefa til kynna að nokkur skilyrði eru til uppeldis laxaseiða á vatnasvæði Tungufljóts og að þar geti með tíð og tíma orðið sjálfbær laxastofn (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2012). Metið var að skilyrði fyrir lax væru helst í lækjum með dragvatni. Tungufljót sem og sumar af hliðaám þess er að uppruna lindarvatn. Lágur vatnshiti í lindarvatninu að sumri er víða takmarkandi fyrir þrif og vöxt laxa en sums staðar er botn of fingerður til uppeldis stærri seiða. Þetta á einkum við um Haukadalsárnar og ofanvert Tungufljót. Metið var að nokkrir möguleikar til uppeldis laxaseiða gætu verið í Ásbrandsá, sem er efst á svæðinu (1. Mynd). Þar nær vatn að hlýna að sumri svo lax ætti að geta þrífist og botngerð er þar víða hagstæð til uppeldis á seiðum. Neðar bætist mikið af köldu lindarvatni í farveg Tungufljóts sem gerir uppeldisskilyrði fyrir lax afar rýr. Þar þrífast hins vegar urriði og bleikja.

Á árinu 2014 var gerður samningur um fiskrækt og seiðarannsóknir í Tungufljóti. Aðilar samningsins eru, Veiðifélag Árnesinga, Veiðifélagið Faxi og Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga. Samningurinn tók m.a. til veiða á fiskum til undaneldis, seiðauppeldis, sleppingar laxaseiða og fiskrannsókna. Sama ár gerðu

sömu aðilar samning við Veiðimálastofnun um rannsóknir og ráðgjöf vegna fiskræktar í Tungufljóti. Markiðið var að fá mat á árangur fiskræktar í Tungufljóti þar sem áhersla yrði lögð á að fylgjast með vexti og viðgangi laxfiska á svæðinu ofan við Faxa. Gert er ráð fyrir merkingu laxaseiða til að meta endurheimtur og árangur sleppinga, rekstri á fiskteljara í stiganum við Faxa, seiðarannsóknum og greiningu á hreistri af göngulöxum m.t.t. uppruna þeirra og aldurs. Samningurinn er til 10 ára. Ekki varð af fiskrannsókn fyrsta árið að öðru leyti en því að teljari var rekinn í fiskveginum við Faxa. Á árinu 2015 fóru fram seiðarannsóknir og fleiri fiskrannsóknir á svæðinu (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2016). Á árinu 2016 voru auk reksturs teljara, gerðar seiðarannsóknir víðsvegar á vatnasvæði Tungufljóts og safnað hreistri af laxi til aldursgreiningar. Örmerkjum var safnað af veiðiuoggaklipptum löxum úr veiði, auk þess sem mældur var vatnshiti með síritandi hitamæli við Faxa. Hér er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsókna árið 2016. Þessi samantekt er áfangaskýrsla með niðurstöðum ársins 2016.

## Aðferðir

Við seiðarannsóknir voru notuð rafveiðitæki. Veitt var á ákveðnum svæðum á árbotninum og þéttleiki síðan umreiknaður sem fjöldi veiddra seiða í einni yfirferð í rafveiði á 100 m<sup>2</sup>. Þetta gefur ekki heildarþéttleika þar sem aðeins hluti seiðanna veiðist með þessari aðferð en gefur vísitölur á þéttleika sem er samanburðarhæfur á milli ára. Aðferðin gefur gott mat á þéttleika eins árs seiða og eldri seiða en er síðri fyrir seiði á fyrsta ári þar sem veiðanleiki þeirra getur verið takmarkaður (Friðþjófur Árnason o.fl. 2005).

Öll seiði sem veiddust voru tegundargreind, lengdarmæld (sýlingarlengd) og hjá hluta þeirra var fæða athuguð á staðnum og skipt í hundraðshluta með sjónmati. Tekin voru kvarna- og hreistursýni til síðari aldursákvörðunar. Uppruni seiða, þ.e. hvort um villt seiði eða seiði úr eldisstöð, þ.e. af sleppiuppruna væri að ræða út frá lengd eftir aldri og vaxtarmynstri í kvörnum.

Safnað var hreistri til aldursgreiningar af laxi úr veiði og sem tekinn voru til undaneldis fyrir klak í eldisstöð. Við greiningu á uppruna var stuðst við bakreikning á lengd við sjógöngu og miðað við að seiði sem voru 15 cm eða stærri við sjógöngu væru úr gönguseiðasleppingum enda gönguseiði úr sleppingum gjarnan stærri en villt seiði. Örmerkjum af laxi var safnað úr veiði og klakfiski og þau upprunagreind.

Fiskteljari var í rekstri í fiskstiganum við Faxa á tímabilinu 24. júní til 26. október. Stiginn var lokaður 17. - 26. september og 30. til 14. október. Tilgangurinn var að safna þar klaklaxi. Teljarinn mælir hæð fiska og er lengd hvers fisks umreiknuð út frá hæð hans samband sambandi lengdar og hæðar. Við samantekt gagnanna var farið yfir skráningar teljarans og skuggamyndir af fiskum, sem fylgja talningunum, skoðaðar. Silungur, og laxar voru aðgreindir eftir stærð og miðað við að fiskur stærri

en 40 cm væri lax en minni fiskar silungar. Þessi skipting byggir á stærðardreifingu fiska samkvæmt mælingum teljarans. Breytileiki getur verið í þessum mælingum, s.s. eftir því hvernig snúningur/halli fiskanna er þegar þeir ganga um teljarann. Hitasíriti mælir vatnshita í Tungufljóti við Faxa. Mælirinn skráði vatnshita á 1 klukkustundar fresti og er nákvæmni mælinga  $\pm 0,2^{\circ}\text{C}$  skv. upplýsingum framleiðanda. Ekki er gerð grein fyrir niðurstöðum hitamælinga að þessu sinni en gert ráð fyrir því við síðari samantektir.

## **NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR**

### **Seiðasleppingar**

Samkvæmt upplýsingum frá Veiðifélaginu Faxe var árið 2014 sleppt um 6.000 smáum laxaseiðum á svæðið ofan við fossinn Faxe. Alls var um 2.500 þeirra sleppt ofan við ófiskgengan foss í Einholtslæk sem er rétt neðan vegar að bænum Kjarnholtum. Um 2.500 seiði fóru í Ásbrandsá og 1.000 í Laugá. Árið 2015 var sleppt um 4.500 smáseiðum ofan við fossinn í Einholtslæk og um 500 í Laugá að auki fór eitthvað af seiðum í Kjóstaðalæk. Engum smáseiðum var sleppt árið 2016.

Árið 2014 var sleppt um 14.000 laxagönguseiðum. Árið 2015 voru gönguseiðin um 60.000 og fóru um 50.000 þeirra í tjörn í Einholtslæk og 10.000 í tjörn við Torfastaði. Árið 2016 var sleppt 30.000 gönguseiðum í sleppitjörn við Einholtslæk og höfðu seiðin varið alin í eldisstöðinni að Laxeyri í Borgarfirði. Árið 2015 voru örmerktir tveir seiðahópar og voru 2.005 seiði í öðrum en 2.009 í hinum. Árið 2016 voru örmerktu seiðin 3.010, öll merkt til sama hóps.

### **Seiðarannsóknir**

Seiðarannsóknir fóru fram 6. September 2016. Veitt var á samtals 6 stöðum, tveimur neðan við fossinn Faxe og fjórum ofan við fossinn. Stöðvar 3, 4, 5, 6 og 7 voru á sömu stöðum eða nálægt þeim stöðum sem veitt var á árið 2010, en stöð 10 var ekki veidd það ár (mynd 1). Laxaseiði fundust á fimm stöðvum, tveimur í Einholtslæk (st. 10 og 3) og þremur í Tungufljóti (st. 5, 6 og 7). Metið var að öll laxaseiðin sem veiddust í rannsókninni væru af villtum uppruna. Erfitt getur verið að greina milli villtra seiða og seiða sem sleppt hefur verið sem smáseiði. Ekki er því útilokað að einhver af 1+ og 2+ seiðunum (einkum í Einholtslæk) hafi verið af sleppiuppruna, en þar var sleppt sumaröldum seiðum ofan við ófiskgengan foss við veg að bænum Kjarnholtum árin 2014 og 2015.

Laxaseiði fundust ekki á stöð í Tungufljóti ofan við Einholtslæk (st. 4), þar var eingöngu að finna urriða. Ekki var veitt ofar á vatnasvæðinu að þessu sinni. Þéttleiki seiða var mestur á efstu stöðinni í Einholtslæk en þar voru 155,4 seiði/100m<sup>2</sup>, þar

sem 118,5 seiði/100m<sup>2</sup> voru laxaseiði, sem er hár þéttleiki. Einnig var talsverður þéttleiki á neðri stöðinni í Einholtslæk (62 seiði /100 m<sup>2</sup>).

Á stöð 5, sem er í Tungufljóti ofan við Faxa, fundust 0+ og 1+ laxaseiði og var þéttleiki þeirra fremur lítill (8,9 seiði/100 m<sup>2</sup>, tafla 1). Í Tungufljóti rétt neðan við Faxa voru laxaseiði í þokkalegum þéttleika (21,4 seiði/100 m<sup>2</sup>). Bleikja fannst eingöngu á stöð 7. Á þeirri stöð var veitt á grjóthafti við brúarstöpul en þar er ákjósanlegt búsvæði seiða. Þar var talsvert að finna af laxaseiðum. Meðallengd seiða kemur fram í töflu 2. Laxaseiðin í Einholtslæk voru stærst miðað við aldur, og er það vísir á að vöxtur þeirra hafi verið mestur þar.

Fæða laxaseiðanna var aðallega vorflugulirfur, bitmýslirfur og ógreindar flugur. Helsta breyting á milli ára á þeim stöðvum sem einnig veiddar voru 2015 eru þær að yfirleitt var þéttleiki laxaseiða meiri nú en þá, sérstaklega á þetta við Einholtslæk. Þá var svo metið að engin laxaseiðanna væru af sleppiuppruna en sleppiseiðin höfðu verið nokkuð áberandi árið áður (2014) (Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2016).

Enn sem komið er virðist uppeldi villtra laxa á svæðinu ofan við Faxa að mestu bundið við Einholtslæk og Tungufljót neðan við hann. Frekari rannsóknir á komandi árum munu væntanlega gefa skýrari mynd á landnámi og uppeldi náttúrulegra laxaseiða ofan við Faxa en mögulegt er að útbreiðsla seiða eigi eftir að aukast með stækkandi stofni og aukinni hrygningu.

## **Fisktalning við Faxa**

Árið 2016 taldi teljarinn 117 fiska á göngu upp stigann, þar sem 113 voru laxar. Samkvæmt útreiknaðri lengd voru það 4 silungar (<40 cm), 99 smálaxar (eitt ár í sjó) og 14 stórlaxar (tvö ár í sjó) (2. Mynd). Þetta er heldur meiri gengd en síðustu ár. Árið 2013 gengu 29 laxar upp, 2014 voru laxarnir 23 og árið 2015 voru þeir 62.

Laxgengdin var hins vegar mun minni en metárið 2008 þegar 651 lax gekk upp stigann (Ingi Rúnar Jónsson 2009 og 2011). Árið 2016 gengu fyrstu laxarnir upp í gegnum teljarann um miðjan júlí en flestir þeirra gengu upp fyrri hluta septembermánaðar (mynd 3). Laxar virtust komast upp stigann þótt hann væri lokaður um tíma eftir 30. september. Í klak (til undaneldis) var safnað 37 löxum, allt voru þetta stórlaxar, fimm vou hængar og 32 hrygnur (Einar Lúðvíksson pers uppl.).

## **Aldursgreining göngulaxa**

Greind voru hreistur af 74 löxum, 64 úr stangveiði og 10 úr klakveiði. Ekki reyndist unnt að aldursgreina 2 laxa. Af 72 löxum voru 57 (79%) metnir sem eins árs í fersku vatni og því úr gönguseiðasleppingum (tafla 3). Fimmtán laxar (21%) höfðu verið tvö til þrjú ár í fersku vatni og voru þeir metnir vera villtir laxar eða úr laxar úr



smáseiðasleppingum. Af villtum löxunum voru 10 smálaxar (eins árs í sjó) og 5 stórlaxar (tvö ár í sjó). Ekki varð greint af hreistri hvort laxinn væri uppruninn úr hrygningu eða úr smáseiðasleppingum.

## **Heimtur örmertra gönguseiða**

Samtals heimtust sex örmerktir laxar úr sleppingum gönguseiða í Tungufljót árið 2015 og voru þau úr tveimur sleppihópum (tafla 4). Þrjú merki komu úr hvorum hópanna og eru heimtur 0,15% í veiði úr báðum hópum. Helmingur af endurheimtum löxum kom fram í Tungufljóti. Þrjár laxar endurheimtust í stangveiði á veiðistaðnum Fossbroti í Tungufljóti, tveir í netaveiði í Ölfusá og einn úr stangveiði í Baugstaðaós í Flóa.

Í Tungufljóti veiddust 274 laxar á stöng sumarið 2016. Samkvæmt veiðiskráningu voru 214 smálaxar (<70 cm), af þeim voru 40 (18,9% samkvæmt hreisturgreiningu) af villtum uppruna og 174 úr sleppingum gönguseiða. Sleppt var 60 þús. seiðum árið 2015 og því eru heimtur þeirra í stangveiði í Tungufljóti 0,29%. Því má ljóst vera út frá samanburði við greiningu uppruna í hreistri að ekki hafa öll merki skilað sér úr veiðinni. Benda má á að árvekni veiðimanna þarft til að taka eftir því hvort fiskar eru örmerktir en örmerktir fiskar eru auðkenndir með því að klippa af þeim veiðiuggann. Ef slíkur fiskur veiðist þarf að skera framan af efriskolti laxanna ca framan við augu og koma til rannsakenda til úrtöku og lestrar.

## **Þakkarorð**

Einar Lúðvíksson veitti upplýsingar um seiðasleppingar árið 2016. Valur Lýðsson hafði daglega umsjón með fiskteljara. Jónas Unnarsson safnaði hreistri og merkjum af laxi úr veiði. Eydís Njarðardóttir las örmerki. Þeim eru færðar bestu þakkir.

## Heimildir

Friðþjófur Árnason, Þórólfur Antonsson og Sigurður M. Einarsson 2005. Evaluation of single-pass electric fishing to detect changes in population size of Atlantic salmon (*Salmo salar* L.) juveniles. *Icel. Agr. Sci.* 18:67–73.


Ingi Rúnar Jónsson 2009. Fiskgengd um teljara í Tungufljóti í Biskupstungum sumarið 2008. Veiðimálastofnun, VMST/09030: 7 bls.

Ingi Rúnar Jónsson 2011. Fiskgengd um teljara í Tungufljóti í Biskupstungum sumarið 2010. Veiðimálastofnun, VMST/11042: 4 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2011. Fiskrannsóknir á Tungufljóti í Biskupstungum 2010. Veiðimálastofnun VMST/11029: 19 bls.


Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2012. Búsvæðamat fyrir laxfiska í Tungufljóti í Biskupstungum. Veiðimálastofnun VMST/12030: 25 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson 2016. Fiskrannsóknir í Tungufljóti í Biskupstungum árið 2015. Veiðimálastofnun skilagrein VMST-G/16001: 8 bls.



**1. Mynd.** Yfirlitsmynd yfir vatnasvæði Tungufljóts. Fram kemur staðsetning og númer seiðarannsóknarstöðva (gulir punktar). Rauð strik þvert á farvegi táka ófiskgenga fossa.

**Figure 1.** Tungufljót watershed. Orange dots indicate location of juvenile research stations. Red lines shows impassible waterfalls.



**2. Mynd.** Dagleg fiskgengd um fiskstigann við Faxa sumar og haust árið 2016. Metið var að fiskar 40 cm og stærri væru laxar (grænar og gular súlur) en smærri fiskar væru silungar (bláar súlur). Blá lína sýnir vatnshita sem mældur var á klukkustundar fresti.

**Figure 2.** Number of fish passing daily through fish counter in the fishway at Faxi waterfall in Tugufliót, summer and autumn 2016. Green and yellow bars indicate salmon and blue bars brown trout and Artic charr.

**Tafla 1.** Þéttleiki seiða, eftir tegundum og aldri, sem veidd seiði á hverja 100 m<sup>2</sup> í einni yfirferð í rafveiði, á vatnasvæði Tungufljóts 9. september 2016. Öll seiði voru metin náttúruleg.

**Table 1.** Juvenile densities in Tungufljót watershed as numer of fish caught in one electrofishing in 100 m<sup>2</sup> of bottom area, september 9. 2016. All fish are wild.

Vatnsfall (River)	Stöð nr. (Station nr.)	Veiddir m <sup>2</sup> (Area m <sup>2</sup> )	Lax (Salm.) 0+	Lax (Salm.) 1+	Lax (Salm.) 2+	Lax (Salm.) 3+	Bleikja (Charr) 0+	Urriði (Brown trout) 0+	Urriði (Brown trout) 1+	Urriði (Brown trout) 2+	Horns. (Stickle- back)
Einholtslækur	10	65	95,4	18,5	4,6	0	0	30,8	3,1	0	3,1
Einholtslækur	3	50	38	16	2	0	0	0	2	0	4
Tungufljót	4	125	0	0	0	0	0	0	1,6	1,6	0
Tungufljót	5	135	5,9	3	0	0	0	0	0	0	0
Tungufljót	6	42	0	7,1	14,3	0	0	0	2,4	0	0
Tungufljót	7	44	9,2	20,7	13,8	2,3	4,6	2,3	4,6	4,6	6,9

**Tafla 2.** Meðallengd (cm) seiða eftir tegundum og aldri í Tungufljóti og Einholtslæk. Byggt á seiðarannsóknnum 9. september 2016.

**Table 2.** Average length (cm) of juveniles by age and species in Tungufljót and Einholtslækur in september 9. 2016.

Vatnsfall (River)	Stöð nr.(Station nr.)	Lax (Salmon) 0+	1+	2+	Bleikja (Charr) 0+	Urriði (Brown trout) 0+	1+	2+	Hornsíli (Tree- spined- sticklebac)
Einholtslækur	10	5,4	9,5	11,7		7	11,9		3,5
Einholtslækur	3	5,8	10,3	11,6			10,9		3,4
Tungufljót	4						9,6	12,1	
Tungufljót	5	4,3	9,2						
Tungufljót	6		8,1	10,8			9,6		
Tungufljót	7	5,3	7,7	10,4	6,6	6,3	10,1	14,2	3

**Tafla 3.** Niðurstöður aldursgreiningar á laxi úr Tungufljóti 2016.

**Table 3.** Age of salmon caught in river Tungufljóti

<i>Ferskvatnsár</i> (Years in fresh water)	<i>Sjávarár</i> (Years at sea)		<i>Samtals</i> (Sum)
	<i>1</i>	<i>2</i>	
1	43	14	57
2	8	3	11
3	2	2	4

Tafla 4. Heimtur örmerktra gönguseiða sleppt í Tungufljót árið 2015.

**Table 4.** Recaptures of microtagged salmon smolts released in river Tungufljót in the year 2015.

	<i>Fjöldi sleppt</i> (Number tagged)	<i>Heimstaðir</i> (Location of recaptures)			<i>Samtals</i> (Total)	<i>Þvíttími</i> <i>heimt</i> (Recapt)
		<i>Tungufljót</i>	<i>Ölfusá</i>	<i>Baugstaðaós</i>		
Hópur 1	2005	2	1	0	3	0,15
Hópur 2	2009	1	1	1	3	0,15



# HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna